

Sp.

357. Nefndarálit

[80. mál]

um till. til þál. um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur haft til athugunar þingsályktunartillögu á þingskjali 89, þar sem lagt er til, að skorað verði á ríkisstjórnina að láta leggja fyrir Alþingi það, sem nú situr, frumvarp til laga um skipan dóms- og lögreglumála á Suðurnesjum á þann veg, að á svæðinu sunnan Hafnarfjarðarkaupstaðar heyri þessi mál til einu embætti í Keflavík.

Að fengnum umsögnum aðila, sem þetta mál snertir, hefur nefndin orðið sammála um að leggja til, að tillagan verði samþykkt, þó með þeirri breytingu, að orðin „það, er nú situr“ falli niður úr tillögugreininni. Mun nefndin leggja fram breytingartillögu varðandi það atriði. En svo er áliðið þingtímans, að vafasamt verður að teljast, að unnt sé að ganga frá samningu umrædds frumvarps og leggja fram á yfirstandandi þingi, svo sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, þótt nefndin sé því hlynnt, að svo verði gert, reynist það framkvæmanlegt. Af þeim ástæðum mun hún koma fram með nefnda breytingartillögu.

Alþingi, 22. febr. 1972.

Gísli Guðmundsson,
form.

Björn Fr. Björnsson.

Halldór S. Magnússon,
fundaskr.

Ingólfur Jónsson.

Lárus Jónsson.

Stefán Gunnlaugsson,
frsm.

Jónas Árnason.